

TILSKIPUN

1

13. mars

um

mælitæki og vogaráhöld.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 13, 4. júní 1924, um mælitæki
og vogaráhöld, viljum Vjer skipa svo fyrir um mælitæki og vogaráhöld,
sem nú segir:

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla þarf varning eða vega, skal til þess nota löggilt mælitæki og vogaráhöld. Löggilt skulu og vera þau mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs eða til þess að byggja á þeim vottorð um vog eða mæli. En löggilt eru þau mælitæki og vogaráhöld, sem lögreglustjórnarnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum hafa löglega stimplað með löggildingarmerkinu, sem er stórt C með X innan í og kórónu yfir og auk þess merki, er gefi til kynna, hver lögreglustjórinn hafi framkvæmt löggildinguna og hvaða ár hún hafi framfarið, svo og þau mælitæki og vogaráhöld, sem til voru, þegar lög um mælitæki og vogaráhöld frá 4. júní 1924 öðluðust gildi og löggilt eru á rjettan og löglegan hátt eftir þeim reglum, er gilt hafa þangað til.

2. gr.

Hver sá lögreglustjóri, sem hefir á hendi löggildingu mælitækja og vogaráhalda samkvæmt lögum nr. 13 frá 4. júní 1924, skal hafa undir höndum og nota við löggildingu þau prófunartæki, sem nú verða talin:

Prófvog, er tekur 20 kg. og hefir nákvæmnina 0.2 g.,

Prófvog, er tekur 2 kg. og hefir þá nákvæmnina 50 mg., og

Prófvog er tekur 100 g. og hefir þá nákvæmnina 2 mg.

Nákvæm vogarlóð úr látúni að þyngd:

20 kg., 10 kg., 5 kg., 1 kg., 500 g., 200 g., 100 g., 50 g., 20 g., 10 g.,
5 g., 2 g. og 1 g.

Skekkjan á þessum lóðum má vera hvort heldur vill + eða −, en eigi má hún nema meiru en $\frac{1}{8}$ úr leyfilegri skekkju á þeim lóðum, sem löggilt verða sbr. 19. gr. c.

1
13. mars Kvarði úr látúni eða góðu trje 1 metri að lengd og merktur við hvern millímetra. Skekkjan á kvarðanum má hvergi vera meiri en 0.1 mm.

Mæliker úr tini eða látúni og með glerplötum til að draga yfir. Mælikerin taki: 5 lítra, 2 lítra, 1 lítra, $\frac{1}{2}$ lítra, 2 desílítra og 1 desílítra. Skekkjan á mælikerum þessum má eigi fara fram úr $\frac{1}{1000}$ af rúmmálinu, ef mælikerið er 1 lítri eða meira, en á minni mælikerum $\frac{1}{500}$ úr rúmtaki þeirra.

Til prófunar á vogum skal lögreglustjórinn í Reykjavík hafa 50 járnlóð, hvert 20 kg. að þyngd, en lögreglustjórinn á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, hver 25 járnlóð, er sje hvert 20 kg. að þyngd, og auk þess skal hver lögreglustjóri hafa þessi járnlóð: 3 að þyngd 10 kg., 3 að þyngd 5 kg., 4 að þyngd 2 kg. og 4 að þyngd 1 kg., og þessi látúnslóð: 2 að þyngd 500 g., 2 að þyngd 200 g., 1 að þyngd 100 g., 1 50 g., 2 20 g., 1 10 g., 1 5 g., 2 2 g. og 1 að þyngd 1 g. Skekkjan á þessum lóðum má vera bæði + og ÷ en eigi fara fram úr helming af skekkju þeirri, sem leyfileg er á verslunarlóðum, er þau eru löggilt, samb. 19. gr. C.


Öll áðurgreind prófunartæki skulu vera stimpluð af Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með þar til gerðum sjerstökum stimpli, er sje A & S með kórónu yfir.

3. gr.

Lögreglustjórar skulu sjá um, að prófunartæki sjeu vel geymd og þeir hlutar þeirra, sem eru úr járni, ryðgi ekki. Ef ástæða er til þess að ætla, að þau hafi skekst svo nokkru nemi, skulu þeir tafarlaust tilkynna það Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, er þá gerir ráðstafanir til að tækin sjeu prófuð og önnur fengin í staðinn, ef ástæða er til þess.

Allar löggildingagerðir skulu lögreglustjórar rita í bækur, sem Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir löggilt til þess.

Mérki lögreglustjóranna eru þessi:



4. gr.

Þeir lögreglustjórar, sem löggildingu hafa á hendi, löggilda þessi mælitæki og vogaráhöld: 1) kvarða, 2) mæliker, 3) vogarlóð og 4) vogir, svo að nota megi þau til að mæla varning eða vega í verslunum, til að ákveða upphæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vog eða mæli eða til annars, sem ákveðið kann að verða.

5. gr.

1

Löggilding og endurlöggilding fer að jafnaði aðeins fram á löggilding- 18. mars
arstofum lögreglustjóranna. Þegar hlutaðeigandi lögreglustjóri telur ástæðu til þess, getur hann samt látið löggildinguna fara fram á öðrum stað. Þá skal sá, sem löggildingin er gerð fyrir, greiða kostnað við ferðalög og flutning áhalda til og frá staðnum auk venjulegs löggildingargjalds alt samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur.

6. gr.

Þeir, sem óska að láta löggilda eða endurlöggilda mælitæki og vogaráhöld, skulu senda skriflega beiðni um það til lögreglustjóra, sem löggildingunni hefir á hendi; ákveður hann þá, hvenær koma skuli með tækin til löggildingar og hvenær þau skuli verða sótt aftur. Ef tækin eru eigi sótt á tilteknum tíma, getur lögreglustjóri komið þeim til geymslu á kostnað og ábyrgð eiganda, og sje þeirra eigi vitjað að 3 mánuðum liðnum, má selja þau til greiðslu áföllnum kostnaði. Verði afgangur af söluverðinu, fellur hann í ríkissjóð, ef eigandi vitjar hans eigi innan 6 vikna frá sölnunni. Þegar um tæki með óvenjulegri gerð er að ræða, getur lögreglustjórinn krafist þess, að löggildingarbeiðninni fylgi nákvæm lýsing á gerð tækjanna.

7. gr.

Þeir, sem nota löggilt mælitæki eða vogaráhöld við afhendingu eða móttöku vöru, skulu sjá um, að þau sjeu rjett.

Ávalt skal notandi gæta þess, að þær vogir standi rjett, sem hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan útbúnað, er sýnir, hvenær þær standa rjett.

Þeir, sem nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, skulu leita endurlöggildingar, er skekkjan á þeim fer út fyrir þau takmörk, sem tiltekin eru í tilskipun þessari, eða sá tími er liðinn, sem löggildingin gildi fyrir.

Notendur löggiltra mælitækja og vogaráhalda mega hvorki sjálfir eða með aðstoð annara breyta þeim eða gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

8. gr.

Kvarðar mega löggildast, þegar mælikvarðarnir á þeim eru að lengd 1 metri eða $\frac{1}{2}$ metri. Mælikvörðunum skal að endilöngu skift í sentímetra, þó má skifta einum eða fleiri sentímetrum við enda mælikvarðans eða öllum mælikvarðanum í millímetra. Eigi má skifta mælikvarðanum neinstaðar í minni einingar en millímetra.

Allar takmarkalínur eininganna skulu vera glögg strík, mótuð eða höggvin í það efni, sem kvarðinn er gerður úr, og skulu strikin liggja í fleti hornrjettum á lengdarlínur kvarðans. Að minsta kosti tíunda hver eining skal vera merkt skýrt með tölu.

1 Öll lengd mælikvarðans skal vera stimpluð á hann í tölum ásamt ein-
13. mars ingarnafninu metri eða m, sentímetri eða cm.

9. gr.

Kvarðar skulu vera úr efni, er veitir næga tryggingu fyrir því, að mælikvarðinn verpaid eigi nje á annan hátt breyti lengd sinni út fyrir hin settu takmörk, og skulu kvarðarnir vera svo gildir, að eigi sje hætta á, að þeir bogni til muna, ef þeim er eigi sjerstaklega misboðið í meðferðinni.

Trjekvarðar skulu gerðir úr vel þurrum, beinvöxnum og kvistlausum eskivið, hlyn, ahorni eða öðrum þeim viðartegundum, sem eigi verpaid nje breytast að mun við áhrif hita og raka. Yfirborð kvarðans, sem eigi má hafa hrufur eða sprungur, skal vera gljáð (bónað) eða borið á það lakk eða fernis.

Þar sem endi mælikvarðans fellur saman við enda kvarðans sjálfs, skal kvarðaendinn vera þverhníptur, og á trjekvörðum, sem eigi eru sívalir, skulu þá endabrúnir mælikvarðans vera varðar með málmþynnu, sem greipt sje inn í trjeð þannig, að yfirborð málmþynnunnar og trjesins í kring sje í beinu áframhaldi. Málmþynnan skal vera fest við trjeð á tryggilegan hátt og þannig fyrirkomið, að hægt sje að stimpla í einu hana og trjeð umhverfis.

Kvarðarnir mega eigi vera svo bognir, að á beri, og sá hluti af hliðum kvarðans, sem hefir mælikvarða á merktan, skal vera sljettur. Sívala trjekvarða með einum mælikvarða, sem aðeins er skift í sentímetra, má þó löggilda, þó að mælikvarðinn sje merktur á hið sívala yfirborð kvarðans.

Löggilding kvarða gildir, meðan löggildingarmerkin eru ósködduð, nema sýnilegt sje, að kvarðinn hafi breytt sjer síðan hann var löggiltur.

10. gr.

Mæliker úr blikki, alumíníum eða tini löggildast í þessum stærðum: 10 lítrar, 5 lítrar, 2 lítrar, 1 lítri, $\frac{1}{2}$ lítri, 2 desílítrar og 1 desílítri. Mælikerin skulu vera svo sterk, að eigi sje hætt við, að þau breyti lögun eða stærð með venjulegri meðferð.

Mælikerin skulu vera sívöl og jafnvíð að ofan og neðan. Hlutfallið milli þvermáls og hæðar að innanmáli skal vera því sem næst 2:3.

Þegar mælikerin standa á lárjettum fleti skulu barmar þeirra einnig vera í lárjettum fleti, en hliðarnar vera hornrjett á flötinn.

Mælikerin mega hafa víðari kraga, sem nær upp fyrir barminn, en eigi telst rúmið fyrir ofan barminn með rúmtaki kersins. Mælikerin mega hafa hanka.

Á mælikeri úr blikki, sem óskað er eftir að fá löggilt, skal vera lóðað tin með sljettu og nægilega stóru yfirborði á þeim stöðum þar sem löggildingarmerkin skulu sett.

Á hverju keri skal standa með skýru og óafmáanlegu lettri í tölum með

einingarnafninu lítri eða 1, desílítri eða dl á eftir, hvað keríð tekur barmasljett, og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmtak sje rjett. 1
13. mars

Löggilding þessara mælikera gildir meðan löggildingarmerkin eru ósködduð, nema það sýni sig, að kerin hafi breytt lögun og stærð síðan þau voru löggilt.

11. gr.

Ennfremur löggildast eftirtöld mæliker til sjerstakrar notkunar:

Til mælingar á lifur og grút löggildast ker, sem taka 20 lítra eða 50 lítra, og skulu þau vera úr eik, beyki, eða öðrum jafngóðum við, og vel bent með föstum járngrjörðum og að öllu leyti svo sterk, að þau þoli venjulega meðferð, án þess að breyta lögun eða stærð. Mælikerin skulu hafa strokklögun, hlutföllin milli hæðar og þvermáls botns og ops skulu vera 6:3:4.

20 lítra mælikeri skal vera skift í lítra með varanlegum mörkum, skorum og koparnöglum — sem mörkuð eru innan í keríð og fyrir ofan 20 lítra markið skal vera bil. er taki alt að 5 lítrum, 5, 10, 15 og 20 lítra mörkin skulu vera auðkend frá öðrum lítramörkum. 50 lítra keríð skal á sama hátt hafa varanleg mörk fyrir hverja 5 lítra, og fyrir ofan efsta (50 lítra) markið skal vera alt að 10 lítra rúm óskift.

Á hlið hvers mælikers skal rituð með óafmáanlegu letri tala, er sýnir, hve mikið má mæla í því, og nafnið lítri eða l á eftir tölunni.

Í þessum mælikerum má aðeins mæla lifur eða grút.

Til mælingar á nýrri síld löggildast mæliker úr trje, sem rúma sljettfull 50 lítra, 100 lítra eða 150 lítra. Mæliker þessi skulu hafa tunnulögun, og op og botn vera jafnvíð, en þvermál miðjunnar $1\frac{1}{6}$ sinnum þvermál opsins, eða því sem næst, og hæðin $1\frac{1}{3}$ sinnum þvermál opsins.

Mælikerin skulu vera úr þurru og hörðum viði, svo sem eik eða beyki, og stafirnir falla vel og sljett saman, löggin vera nægilega djúp, og botn vel sterkur, svo að mælikerin brotni eigi nje breyti stærð með þeirri meðferð, er þeim er ætlað að verða fyrir. Gjarðir allar skulu vera úr góðu járn eða öðrum jafngóðum málm og festar svo við stafina, að eigi raskist. Í botninn og hliðarnar neðan til skulu vera 12 göt, 15 mm að þvermáli hvert. Mælikerin skulu hafa tvo hanka.

Á hlið hvers mælikers skulu vera brendar tölur með orðunum lítrar eða l á eftir, er sýni, hve mikið keríð tekur barmasljett. og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmmál sje rjett.

Til mælingar á bensíni má löggilda faststandandi mæla, sem standa í sambandi við bensíngeyma svo að hægt sje að dæla bensíninu úr geyminum í mælinn, án þess að hann sje hreyfður, og sömuleiðis að tæma hann með því að opna krana, sem sje vel þjettur, þegar honum er lokað. Við hverja mælingu skal mælirinn mæla 5 eða 10 lítra og skal sú tala standa á mælinum með skýrum stöfum. Á hverjum mæli skal vera glerhólkur, sem sje ekki meira

1 en 8 cm. í þvermál, og skal vera á honum glögt merki. Þegar mælirinn er
13. mars fullur, skal bensínýfirborðið nema við merkið.

Löggilding mælikera úr trje til mælingar á lifur (grút) og nýrri síld gildir á meðan löggildingarmerkin eru ósködduð og kerin hafa eigi sýnilega breytt sjer, síðan þau voru löggilt. Löggilding bensínmæla gildir eigi lengur en 1 ár.

12. gr.

Vogarlóð löggildast í þessum stærðum:

20	kílógrömm,
10	—
5	—
2	—
1	kílógramm,
$\frac{1}{2}$	—
500	grömm,
200	—
100	—
50	—
20	—
10	—
5	—
2	—
1	gramm.

Á hvert vogarlóð skal vera mótuð þyngd þess með skýrum tölum og einingarnafnið kílógramm eða gramm undir tölunni. Í stað einingarnafnanna mega þó standa skammstafanir þeirra: kg eða g, og skulu þær þá standa rjett á eftir tölunni.

Á steypujárnslóðum, sem mega vera $\frac{1}{2}$ kílógramm eða þyngri, skal þó þyngd lóðanna sýnd með upphleyptum stöfum, tölu með kg á eftir, steypum með lóðinu. Á sama fleti steypujárnslóðsins og þyngdartalan er á, skal vera hæfilega stór hola með blýfyllingu til að móta í löggildingarmerkið.

Löggilding vogarlóða úr látúni eða kopar gildir eigi lengur en 12 ár.

Löggilding vogarlóða úr járn gildir eigi lengur en 9 ár.

13. gr.

Aðeins má löggilda þær vogir, sem eru svo vel gerðar og traustar, að þær haldist nægilega nákvæmar og rjettar langan tíma, ef gætilega er með þær farið.

Ennfremur verða vogirnar að fullnægja eftirtöldum skilyrðum, til þess að þær megi löggildast:

1) Hinir einstöku hlutar vogarinnar mega ekki svigna eða á annan hátt breyta lögun við mesta þunga, er leyfilegt er að vega á voginni. 1
13. mars

2) Sjerhver vog skal hafa mundang, er sýni svo glögt, hvenær vogin er í jafnvægi, að auðvelt sje að greina það með berum augum nógu nákvæmlega. Reislur, sem eigi eru notaðar í verslunarbúðum, eru undanþegnar þessu skilyrði.

3) Sjerhver vog, sem flytja má til, og eigi stendur á sama, hvernig niður er sett, skal hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan tryggan útbúnað til að sýna, hvort vogin er sett rjett niður. Vogir, sem eru fastar og óflytjanlegar, verða eigi löggiltar, fyr en þær eru settar niður og festar, þar sem þær eiga að vera.

4) Allar vogarstengur skulu gerðar úr málmi, og sjeu þær settar út úr jafnvægi, þá skulu þær sveiflast nokkrum sinnum fram og aftur, uns þær stöðvast aftur í hinni upphaflegu jafnvægisstöðu.

5) Allar vogarstengur skulu leika á stálhnífseggjum, sem standa á plötum úr hertu stáli. Plöturnar mega einnig vera úr agati eða öðru stálhórðu efni, ef það á við gerð vogarinnar. Hnífana má eigi vera hægt að flytja, svo að lengd vogarstanganna breytist. Hið sama gildir um plöturnar, sem hnífarnir standa á, ef það getur haft áhrif á lengd vogarstanganna.

6 Engin áhrif má það hafa á þyngdina, hvar lóðin eða það, sem vegið er, stendur á vogarskálunum.

7) Ef vog er útbúin með stillilóði, skal umbúnaður þess vera þannig, að það verði eigi misbrúkað.

8) Á hverri vog skal standa með skýru og áberandi lettri, hvað þungt megi á hana vega.

14. gr.

Jafnarma vogir. Ef hægt er að taka af og skifta um skálarnar á jafnörmuðum vogum, þá má jafnvægisstaða vogarinnar eigi breytast, þótt skálarnar sjeu teknar burtu eða skift sje um skálarnar á örmunum.

Löggilding metaskála með einni vogstöng gildir eigi lengur en 12 ár.

Löggilding borðvoga með mörgum vogstöngum gildir eigi lengur en 9 ár.

15. gr.

Desímalvogir. Á desímalvogum skal þyngd þess, sem vegið er, vera þyngd lóðanna, sem halda því í jafnvægi, margfölduð með tíu.

Allar desímalvogir skulu hafa útbúnað til að stöðva aðalvogstöngina. Á desímalvogum skal að minsta kosti mega vega 20 kílógrömm.

Löggilding desímalvoga gildir eigi lengur en 6 ár.

16. gr.

Reisluvogir. Reisluvogir hafa lóð, sem flytja má til eftir armnum eftir því, hve þungt það er, sem vegið er.

1
13 mars Aðalvogarstöngin, sem má myndast af fleirum en einni samhliða stöngum, ef þær eru samfastar, skal vera merkt með glöggum og nákvæmum skerðingum eða strikum, sem sjeu grafin, högginn eða á annan varanlegan hátt merkt í stöngina. Bilin milli merkjanna skulu vera jöfn og að minsta kosti 4 millimetrar. Á reislum, sem ekki hafa mundang, mega bilin þó vera 3 mm. Að minsta kosti fimta hver skerðing eða strik skal vera merkt á varanlegan hátt með skýrum tölum, er tilgreini þungann í kílógrömmum, og aftan við töluna ytst á vogarstönginni skal ennfreður bæta kg. Á sömu vogarstönginni má vera fleiri en ein merkjaröð, ef þeim er svo fyrir komið, að það getur eigi valdið ruglingi. Lóðið skal sjálfkrafa grípa inn í skerðingarnar á vogarstönginni eða hafa fjaðraútbúnað, svo að það haldist fast við stöngina, ef því er slept. Lóðið skal vera þannig úr garði gert, ef til vill með föstum vísi, að eigi geti vafi á því leikið, hvernig eigi að lesa á vogina.

Á aðallóðinu má vera annað lóð, hreyfanlegt fram og aftur, til að sýna minni þyngdarmun, og gilda hin sömu ákvæði um það og aðallóðið með þeim breytingum, sem við eiga.

Löggilding reislna, sem eigi hafa mundang, gildir 10 ár, en löggilding annara reisluvoga gildir 6 ár.

17. gr.

Lögreglustjóri, sem hefir á hendi löggildingu samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld, getur, þegar hann telur þörf á því, löggilt um stundarsakir mælitæki og vogaráhöld, sem að efni, stærð eða gerð eru frábrugðin því, sem fyrir er sagt í 8.—16. gr., ef þau að dómi hans eru til þess hæf, en senda skal hann þegar í stað stjórnarráðinu nákvæma lýsingu á tækjunum. Ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið telur ástæðu til þess, gefur það út reglugjörð um löggildingu þessara tækja; að öðrum kosti má eigi framlengja löggildingu þeirra nje löggilda önnur tæki af sömu gerð.

18. gr.

Skekkjan á mælitækjum og vogaráhöldum er munurinn á milli þess, sem mælingarstærðin í raun og veru er, og þess, sem mælingarstærðin segir hana vera. Skekkjan er „pósítív“ (+) þegar mælingartækið segir mælingarstærðina minni en hún er, en segi það hana of mikla, er skekkjan „negatív“ (−).

19. gr.

Mælitæki og vogaráhöld má eigi löggilda, ef skekkjan á þeim fer út yfir þau takmörk, sem nú verða greind:

a) Kvarðar:

Skekkjan á kvörðun má jafnt vera „negatív“ sem „pósítív“. Á metra mælikvarða má skekkjan vera 0.8 mm. á allri lengdinni.

Á $\frac{1}{2}$ metra mælikvarða má skekkjan vera 0.5 mm. á allri lengdinni. 1

Skekkjan á lengdinni frá hverju striki til enda mælikvarðans má eigi ^{13. mars} fara fram úr skekkjutakmörkun alls kvarðans. Á hverjum afmörkuðum sentímetra má skekkjan ekki nema meiru en 0.5 mm., og á hverjum afmörkuðum millimetra eigi meiru en 0.2 mm.

b) Mæliker:

Skekkjan má aðeins vera „pósítív“.

Á 1 lítra mælikerum og stærri kerum má skekkjan vera $\frac{1}{125}$ úr öllu rúmtakinu.

Á 2 desílítra mælikerum $\frac{1}{100}$ úr öllu rúmtakinu.

Á 1 desílítra mælikerum $\frac{1}{50}$ úr öllu rúmtakinu.

c) Vogarlóð:

Skekkjan má aðeins vera „pósítív“.

Á 20 kílógramma lóði	má skekkjan vera	+	4 grömm,
- 10	—	—	—
- 5	—	—	—
- 2	—	—	—
- 1 kílógramms	—	—	—
- $\frac{1}{2}$	—	—	—
- 200 gramma	—	—	—
- 100	—	—	—
- 50	—	—	—
- 20	—	—	—
- 10	—	—	—
- 5	—	—	—
- 2	—	—	—
- 1 gramms	—	—	—
		+	2 —
		+	1.25 —
		+	600 millígrömm,
		+	400 —
		+	250 —
		+	100 —
		+	60 —
		+	50 —
		+	30 —
		+	20 —
		+	16 —
		+	12 —
		+	10 —

d) Vogir:

Skekkjan getur verið til beggja hliða, + og ÷.

Þegar vog, sem löggildast á, er prófuð, og jafnvægi er fengið, þá skal sjást greinilegur munur á jafnvægisstöðunni, þegar lóði er bætt öðru megin á, er samsvarar hinni mestu skekkju.

Skekkjan á vogum má eigi fara fram úr $\frac{1}{1000}$ úr þyngd þess, sem vegið er, ef það er $\frac{1}{10}$ eða meira úr hinum mesta þunga, er leyfilegt er að vega á vogina. Á reislum, sem eigi hafa mundang, má skekkjan vera helmingi meiri, eða $\frac{1}{500}$.

20. gr.

Löggilt mælitæki og vogaráhöld má ekki nota, þegar skekkjan á þeim er orðin meiri en tvöföld hin mesta leyfilega skekkja við löggildingu; þó má

1 skekkjan á tækjum, sem verið er að nota, ætíð vera jafn „negatív“ sem 13. mars „pósítív“.

21. gr.

a) Kvarðar:

Þar sem endi kvarðans og mælikvarðans falla saman, skal stimpla löggildingarmerkið á kvarðaendann, ef hægt er, annars skal stimpla það á mælikvarðann, og svo nálægt enda hans, að ytri brún löggildingarmerkisins falli í endamark mælikvarðans. Ef endi trjemælikvarða er varinn með málmþynnu, skal láta löggildingarmerkið ná bæði á málmþynnuna og trjeð í kring. Áltíti lögreglustjóri það nauðsynlegt, má setja 2 löggildingarmerki á þann enda mælikvarðans. Ætíð skal stimpla báða enda mælikvarðans með löggildingarmerki. Ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjórans skal stimpla á mælikvarðann rjett aftan við stafina, en tilgreina lengd mælikvarðans.

b) Mæliker:

Á mæliker skal löggildingarmerkið sett á hlið kersins ofan við töluna, er tilgreinir rúmtak þess, og ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjórans þar út undan. Annað löggildingarmerki skal setja á barm kersins eða svo nálægt honum sem hægt er. Ennfremur skal setja löggildingarmerki á botn kersins; ef botninn er lóðaður í, skal reynt að láta löggildingarmerkið ná út á samskeytin. Á mæliker úr trje skulu löggildingarmerkin brend á samskeyti stafa

c) Vogarlóð:

Á steypujárnslóð skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar og merki löggildingarstjóra mótað í blýið, sem fyllir þar til gerða holu í efri hlið lóðsins.

Vogarlóð úr öðrum málmum skulu stimpluð með löggildingarmerkinu á þá hlið þeirra, sem stafirnir eru á, sem tilgreina þyngd þeirra, og ef unt er skal löggildingarmerkið vera ofan við stafina. Ennfremur skal setja á gagnstæða (neðri) hlið lóðsins lítið löggildingarmerki og ártal löggildingarinnar og merki lögreglustjóra, ef unt er.

d) Vogir:

Þar sem aðalvogarstöngin er útbúin með löggildingarholum, fylltum með linum málmum, skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar og merki lögreglustjóra stimplast í aðra málmfyllinguna, og fyrir ofan löggildingarmerkið skal stimpla númer það, sem vogin hefir í löggildingarbókinni. Efst í hina málmfyllinguna er þá stimpluð tala með kg. á eftir, er tilgreini, hve þungt

megi vega á vogina. En ef vogarstöngin hefir ekki löggildingarholur, þá skulu ¹ áður greind löggildingarmerki sett þar á vogina, sem heppilegast er, annaðhvort ^{13. mars} með því að stimpla þau í sjálfa vogarstöngina eða með því að brennimerkja með þeim trjegrind vogarinnar.

Ef hlutaðeigandi lögreglustjóri telur þess þörf, skal auk þess setja annarsstaðar á vogina löggildingarmerki, ártal eða númer til að tryggja það, að gerð vogarinnar raskist eigi, án þess að það sjáist á löggildingarmerkjunum.

22. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem löggilt hafa verið áður á löglegan hátt, má endurlöggilda, ef þau fullnægja löggildingarskilyrðunum. Við endurlöggildingu er stimplað á mælitæki og vogaráhöld ártal endurlöggildingarinnar og lítið löggildingarmerki við ártalið, ef því verður við komið, svo og merki lögreglustjóra, ef hann hefir eigi löggilt tækið áður.

Ef hin fyrri löggildingarmerki eru að einhverju leyti sködduð, þá skulu sett ný löggildingarmerki í stað hinna sködduðu.

Ef gert er við mælitæki eða vogaráhald, sem hefir brotnað, skal setja löggildingarmerki á hin bæklðu samskeyti.

23. gr.

Löggildingarmerki eru ónýtt annaðhvort með því að afmá merkin eða með því að stimpla ofan í þau merkið #

24. gr.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. laga nr. 13 frá 4. júní 1924.

25. gr.

Við hina almennu skoðun mælitækja og vogaráhalda skal dæmt óheimilt að nota lengur mælitæki og vogaráhöld, 1) ef löggildingarmerki þeirra eru eigi í rjettu lagi, 2) ef svo langt er liðið frá löggildingu þeirra, að hún er fallin úr gildi, 3) ef vogir við prófun eru svo stíðar eða rangar, að skekkjan á þeim fer út fyrir hin settu takmörk.

Ennfremur getur skoðunarmaður krafist að mælitæki og vogaráhöld sjeu send til endurlöggildingar, ef hann hefir ástæðu til að halda, að þau sjeu orðin röng, en geta skal hann þá um ástæðuna í skoðunargerðinni.

1

26. gr.

13. mars

Hin almenna skoðun mælitækja og vogaráhalda skal rituð í þar til lög-giltar bækur. Hreppstjórar skulu við hver árslok senda sýslumönnum nægilega ítarlegan útdrátt úr skoðunargerðum liðins árs, en lögreglustjórar og sýslumenn senda Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina eigi seinna en í apríl ár hvert.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum tilskipunar þessarar varða sektum til ríkissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

28. gr.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 13. mars 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.